

Reglur um styrki Húnaþings vestra v/ tónlistarnáms

Húnaþing vestra styrkir nemendur á aldrinum 16 til 20 ára sem óska eftir að stunda tónlistarnám í öðrum sveitarfélögum og hafa lokið námi á grunn- og miðstigi.

Umsóknir um úthlutun styrks skulu berast fyrir 15. febrúar v/ vorannar og 15. október v/ haustannar

Styrkur er greiddur að hverri önn lokinni hafi nemandi staðist námskröfur viðkomandi tónlistarskóla.

Í fjárhagsáætlun Húnaþings vestra er ár hvert ákvörðuð heildarupphæð styrkja á hverja önn til þessa málefnis svo og hámarksstyrkur til hvers einstaklings á önn. Hámarksstyrkur á nemanda á önn er kr. 50.000-.

Reglur þessar taka gildi 1. janúar 2009 gilda fyrir árið 2009.

Samþykkt á 153.fundi sveitarstjórnar þann 15.01.2009